

Samþykkt á stjórnarfundum Bjarkarhlíðar 20. janúar 2025.

Persónuverndarstefna Bjarkarhlíðar

Persónuverndarstefna þessi er sett í samræmi við ákvæði [laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90 frá 2018](#). Meðferð persónuupplýsinga getur varðað friðhelgi einkalífs sem varin er af 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Um persónuupplýsingar

Persónuupplýsingar eru hvers kyns upplýsingar um einstakling sem gera kleift að persónugreina hann og tengjast honum beint eða óbeint. Ekki er átt við nafnlaus gögn, en það eru upplýsingar sem persónugreinandi gögn hafa verið fjarlægð úr. Bjarkarhlíð skuldbindur sig til að varðveita upplýsingar sem kunna að vera persónugreinalegar á öruggan og tryggan hátt.

Bjarkarhlíð geymir upplýsingar um:

Netföng stjórnar Bjarkarhlíðar

Netföng stjórnar eru vistuð í tölvu teymisstjóra og hefur hún ein aðgang að henni. Bjarkarhlíð sendir netfanga- og nafnaskrána aldrei með tölvupósti né fjölfaldar hana að nokkru leyti. Er listinn einvörðungu notaður í þeim tilgangi að boða til stjórnarfunda.

Upplýsingar um þjónustuþega

Einstaklingar sem leita til Bjarkarhlíðar eru jafnan beðnir að gefa upp fornafn og símanúmer við tímabókun. Nafn er notað til að aðgreina fólk hvert frá öðru og eru þessar upplýsingar færðar inn í tímabókunarkerfið *Tímatal* en ráðgjafar Bjarkarhlíðar hafa aðgang að tímabókunarkerfinu. Símanúmerið er notað til að hringja/senda SMS og afboða ef ráðgjafi forfallast og til að senda SMS áminningu um viðtalið sólarhring áður. Ávallt er hægt að óska eftir að SMS sé ekki sent.

Þjónustuþegar undirrita þagnarheiti þar sem hakað er við hvort það megi senda þeim rafræna þjónustukönnun.

Viðtalsskýrslur, þjónustukannanir og þagnarheiti eru hýst á aðgangsstýrðu vefsvæði Jotform, sjá persónuverndarstefnu þess [hér](#).

Hvernig öryggi gagnanna er tryggt.

Upplýsingar um nöfn, símanúmer og tímabókanir eru geymdar í tímabókunarkerfi þriðja aðila, noona -Tímatali sem hefur skuldbundið sig til að starfa í samræmi við lög um persónuvernd. Því ber skylda til að vernda þær upplýsingar sem Bjarkarhlíð lætur í té og er bundið trúnaði. Persónuverndarstefnu þeirra má finna [hér](#).

Útgáfa staðfestingar á komu í Bjarkarhlíð

Reglulega óska þjónustuþegar eftir staðfestingu um komu sína í Bjarkarhlíð og fjölda viðtala. Staðfesting er aðeins veitt ef þjónustuþegi sjálfur óskar eftir eða gefur leyfi fyrir því skriflega. Vegna persónuverndarsjónarmiða eru þau ekki varðveitt eftir afhendingu til þjónustuþega.

Vefur

Vefsíða Bjarkarhlíðar er hýst af vefumsjónarkerfinu Squarespace. Vefsíðan notar vafrakökur (e. cookies) og með því að samþykkja þær er komið leyfi fyrir þeim. Vefsvæðið nýtir sér þessar

vafrakökur til að greina umferð um vefinn. Vafrakökur eru litlar textaskrár, nokkurs konar fótspor sem vistast í tölvu eða snjalltækjum gesta. Þessar upplýsingar eru ekki persónugreinanlegar

Vefurinn er hýstur hjá 1984 ehf., sjá þeirra persónuverndarstefnu [hér](#). Í flestum vöfrum er hægt að breyta öryggisstillingum svo þeir taki ekki á móti kökum. Einnig er auðvelt að eyða vafrakökum. [Hér](#) eru leiðbeiningar um það hvernig eyða má vafrakökum á Google chrome, Moxilla Firefox, Safari, Mivrosoft Edge og Opera vöfrum.

Ef frekari spurningar vakna

Hægt er að senda fyrirspurn í tölvupósti á netfangið bjarkarhlid@bjarkarhlid.is um þínar upplýsingar í okkar gagnagrunni. Til að auðvelda úrvinnslu biðjum við þig um að merkja tölvupóstinn í efnislínu „Mínar upplýsingar hjá Bjarkarhlíð“.

Nánar um persónugreinanlegar upplýsingar

Ef rannsóknarhagsmunir eða öryggi einstaklinga eru undir er persónugreinanlegum upplýsingum deilt til viðeigandi yfirvalda og brotaþola tilkynnt um miðlun upplýsinganna. Hér er m.a. átt við tilvik sem falla undir 126. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða tengjast rannsókn og meðferð sakamáls, sbr. 55. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Leitast skal við að afla samþykkis brotaþola ef því verður við komið. Tilkynningarskylda samkvæmt Barnaverndarlögum er ekki háð samþykki brotaþola eða forsjáraðila.

Úrvinnsla og tölfræði

Í ársskýrslu Bjarkarhlíðar er að finna nöfn stjórnarfélks og fyrir hvaða samstarfsaðila þau eru fulltrúar. Að öðru leyti er einungis að finna ópersónugreinanlegar upplýsingar um aðra en teymisstjóra og starfsfólk Bjarkarhlíðar og þá eingöngu í tengslum við þau verkefni sem Bjarkarhlíð sinnir.

Þeir einstaklingar sem nýta sér þjónustu Bjarkarhlíðar eru beðnir að svara ýmsum spurningum sem skráðar eru í komuskýrslu í fyrsta viðtali. eru það upplýsingar um ofbeldi sem viðkomandi hefur orðið fyrir og líðan vegna þessa. Spurningalistinn er ekki merktur með nafni eða öðrum upplýsingum sem hægt er að rekja til viðkomandi einstaklings og er því um ópersónugreinanleg gögn að ræða. Unnið er úr þessum gögnum á ári hverju og heildarupplýsingar birtar m.a. í ársskýrslu Bjarkarhlíðar. Útfylltir spurningalistar eru geymdir í 5 ár en er svo eytt. Reglulega er gerð þjónustukönnun á starfsemi Bjarkarhlíðar sem byggir á spurningalista þar sem þjónustubeugar eru fengnir til að svara rafrænt eftir að hafa komið í viðtöl. Þessir spurningalistar eru einnig nafnlausir og órekjanlegir og eingöngu notaðir til að meta gæði starfseminnar.

Fagleg vinnsla starfsfélks

Starfsfólk Bjarkarhlíðar leggur sig fram við að allar persónugreinarlegar upplýsingar séu varðveittar með öruggum hætti og hefur aðeins starfsfólk Bjarkarhlíðar aðgang að þeim. Tryggt er að allt starfsfólk sem hefur aðgang að persónuupplýsingum sé upplýst um mikilvægi þess að gögnin séu örugg og að fyllsta trúnaðar sé gætt við meðhöndlun og geymslu upplýsinganna. Bjarkarhlíð geymir persónuupplýsingar í kerfum sínum eins lengi og þörf er á og nauðsynlegt er fyrir starfseminna í samræmi við lög og reglur.

Breytingar

Bjarkarhlíð áskilur sér rétt til að breyta persónuverndarstefnu sinni, en tryggt skal að nýjasta stefnan sé ávallt aðgengileg á vef Bjarkarhlíðar www.bjarkarhlid.is.

Hafið samband

Ef þú hefur einhverjar spurningar um þessa persónuverndarstefnu er hægt að senda fyrirspurn ánetfangið bjarkarhlid@bjarkarhlid.is. Til að auðvelda úrvinnslu biðjum við þig um að merkja tölvupóstinn í efnislínu „Upplýsingar um persónuverndarstefnu Bjarkarhlíðar“

Ef það kemur upp óánægja með vinnslu Bjarkarhlíðar á persónuupplýsingum er hægt að senda erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).